

Samfélagsfræði

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnninn hátt. Þær eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Slíka menntun öðlast ungt fólk vissulega einnig á öðrum námssviðum og annars staðar en í skólakerfinu, enda eru fyrirmyndir barna margar. Samfélagsgreinum er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu í krafti skynsemi sinnar og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum, sem hver og einn velur sér, til þess að fóta sig í félagi við annað fólk og umhverfi. Samfélagsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, með því að útskýra hvernig þessi gæði leiða til margvíslegra skyldna, réttinda og gilda, sem órofa hluti af félagslegum og siðferðilegum veruleika okkar. Dæmi um slík gæði eru réttlæti, þekking, frelsi, vinátta, virðing og ábyrgð. Menntagildi samfélagsgreina felst í því að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra. Þessi hæfni á sér þrjár rætur: 1) í tengslum við aðra sem þegar eru mótuð, svo sem innan fjölskyldunnar; 2) í tengslum við sjálfa(n) sig; 3) í myndun nýrra tengsla við aðra við breytilegar aðstæður hvers kyns félagslífs. Þessar rætur og menntagildi samfélagsgreina má útskýra nánar á eftirfarandi hátt:

1) Hæfni nemanda til að skilja veruleikann (umhverfið, samfélagið, söguna og menninguna), sem hann hefur fæðst inn í, byggist á þeirri reynslu sem hann hefur orðið fyrir. *Samfélagsgreinar eiga að efla þessa hæfni með því að víkka út og dýpka reynsluheim nemandans.*

2) Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér byggist á því hvaða mynd hann gerir sér af sjálfum sér (og öðrum) í eigin huga. *Samfélagsgreinar eiga að efla þessa hæfni með því að víkka út og dýpka hugarheim nemandans.*

3) Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra byggist á þeim félagsskap sem hann hefur tekið þátt í. *Samfélagsgreinar eiga að efla þessa hæfni með því að virkja nemandann til þátttöku í félagsheimi sínum, þeim gildum og reglum sem þar ríkjá.*

Markmið

Að nemendur:

- geti sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.
- fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars.
- sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf.
- aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.

Leiðir

Kennsla fer að mestu fram í formi innlagna, einstaklingsvinnu, umræðna og verkefnavinnu.

Námsmat

Vinnusemi, viðhorf til námsins, hegðun í tíma og skil á verkefnavinnu. Í lok hverrar annar þreyta nemendur skriflegt lokapróf. Nemendur vinna auk þess sjálfsmat í lok hverrar annar.

Námsgögn

Námsbók: Þjóðfélagsfræði

Ítarefni frá kennara s.s. dagblaðgreinar, kvikmyndir, heimildamyndir og fleira sem til fellur.
